



**„Þetta var bara svona venjulegt fjölskyldulíf“**

Hversdagslegt andóf þriggja óhefðbundinna fjölskyldna

**Ólafía Erla Svansdóttir**

**Lokaverkefni til BA-gráðu í þjóðfræði**

**Félagsvísindasvið**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**„Þetta var bara svona venjulegt fjölskyldulíf“**

Hversdagslegt andóf þriggja óhefðbundinna fjölskyldna

**Ólafía Erla Svansdóttir**

Lokaverkefni til BA-gráðu í þjóðfræði

Leiðbeinandi: Kristinn Schram

Félags- og mannvísindadeild  
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands  
Júní 2014

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í þjóðfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Ólafía Erla Svansdóttir  
1205773369

Prentun: Háskólaprent  
Reykjavík, Ísland 2014

## Útdráttur

Í ritgerð þessari verður greint frá heimilisháttum þriggja óhefðbundinna fjölskyldna sem bjuggu saman á níunda áratugnum. Viðtöl voru tekin við einstaklinga, sem höfðu sem hluti af pari búið í nánú sambýli með öðru pari og börnum í tiltekinn tíma, um bakgrunn, ástæður og samfélag þegar sambúðin átti sér stað. Viðtölin voru greind með hliðsjón af kenningum fræðimanna um menningarlegt forræði, hversdagsmenningu, gagnmenningu og andóf sem og efnismenningu og þjóðfræðihópa. Skoðað var sérstaklega rýmið sem einstaklingarnir lifðu í, samband þeirra við hluti og matarhefð þeirra. Ennfremur var rýnt í hversdagslíf, perónuleg tengsl og kynjaskiptingu á heimilisverkum.

Rannsóknin leiddi annars vegar í ljós að ráðandi hugmyndafræði þess samfélags sem einstaklingar koma úr hefur að einhverju leyti áhrif á hvernig þeir takast á við hefðbundnar hugmyndir um fjölskyldulíf og hversdagsmenningu og hins vegar að einstaklingar nota atbeini sitt innan valdaformgerðar samfélagsins þegar ákveðnar stjórnmalaskoðanir og hugmyndafræðilegur bakgrunnur liggur að baki.

## Efnisyfirlit

|                                      |    |
|--------------------------------------|----|
| Inngangur .....                      | 5  |
| Kenningar og hugtök .....            | 6  |
| Rannsóknaraðferðir .....             | 9  |
| Viðmælendur .....                    | 10 |
| Spurningar.....                      | 13 |
| Sjónarhorn rannsakandans .....       | 14 |
| „Hin almenna skynsemi“ .....         | 16 |
| Rými .....                           | 20 |
| Matur.....                           | 23 |
| Hversdagslíf.....                    | 25 |
| Eigur .....                          | 27 |
| Fjölskyldutengsl.....                | 29 |
| Heimilisreglur .....                 | 32 |
| Kynjaskipting á heimilisverkum ..... | 33 |
| Lokaorð.....                         | 37 |
| Heimildaskrá.....                    | 39 |
| Prentaðar heimildir .....            | 39 |
| Munnlegar heimildir .....            | 40 |
| Heimildir af veraldarvefnum .....    | 41 |

## Inngangur

Hugmyndin um sameinað búsetuform fjölskyldna er ekki ný af nálinni og hefur verið iðkuð víða um heim í margskonar tilgangi. Hér á landi er það þó tiltölulega óalgengt í nútímanum að tvær eða fleiri fjölskyldur ákveði að sameina heimilishaldið. Það hefur þó gerst að því er vitað er nokkrum sinnum og fjallað er um þrjú slík dæmi í þessari ritgerð. Ýmsar ástæður hafa eflaust verið fyrir sameinaða búsetuforminu í gegnum tíðina og má þar nefna almennan húsnæðisskort, ástæður trúarlegar eðlis, hugmyndafræðilegs eðlis og fjárhagslegs eðlis. Þetta tiltekna búsetuform hefur þó yfirleitt verið undantekning í þeim samfélögum sem það hefur tíðkast, þar sem birtingamynd hefðbundins sambýlisforms fjölskyldna grundvallast á einu gagnkynhneigðu pari með börnin sín í þar til gerðu rými.

Þessi ritgerð hefur það að meginmarkmiði að rannsaka hvernig þeim fjölskyldum sem eru til umfjöllunar fórst úr hendi að brjóta upp hið hefðbunda sambúðarform sem liggur til grundvallar í hinu vestræna þjóðfélagi og greina hvernig þær hugmyndir urðu ráðandi að svo miklu leyti að annars konar búsetuform þykir nær óhugsandi. Til þess að komast sem næst þessu markmiði þá voru tekin viðtöl við sex einstaklinga sem höfðu á ákveðnu tímabili kosið að búa með maka sínum og barni þeirra í sambúð með öðru pari og barni. Í viðtölunum var lögð áhersla á að grafast fyrir um þær ástæður sem lágu að baki ákvörðuninni, viðtökum samborgaranna, tengslum innan fjölskyldunnar sem og hugmyndum viðmælendanna um eignarétt og stöðu sína í samfélaginu. Viðtölin voru svo greind með hliðsjón af kenningum fræðimanna um hversdagslegt andóf, menningarlegt forræði, brögð og ráðagerðir og táknafræði.

Í ritgerðinni verður sýnt fram á að þó svo viðmælendurnir hafi ekki ákveðið að sameina heimilishald sitt með öðru pari með það að markmiði að mótmæla ríkjandi hugmyndum um kjarnafjölskylduna, þá hafi þeir með gjörðum sínum notað hversdaginn til að sýna andóf á „hegemónískum“ og „kapítalískum“ gildum samfélagsins. Ennfremur kemur fram að tengslin sem einstaklingarnir innan þjóðfræðihópsins mynduðu með sér eru einstæð og hvernig hefðbundin hlutverk kynjanna áttu ekki greiða leið að formgerð

fjölskyldnanna, eins og þau geta verið staðföst innan formgerðar samfélagsins.

## Kenningar og hugtök

Þjóðfræðin er lifandi fræðigrein og fyrir utan að vera fræði sem rannsaka þjóðsögur og þjóðhætti liðins tíma, þá leitast hún meðal annars við að greina og rannsaka hefðir, venjur og hversdagshætti ýmiskonar innan hópa. Þjóðfræðin er í grunninn margslungin og þverfagleg og sá kjarni hennar gerir flokkun og skilgreiningu á henni flókna. Alan Dundes hélt því fram að það væri óráðlegt jafnvel að gera tilraun til að skilgreina þjóðfræði og í staðinn skrifaði hann upp langan lista af atriðum og greinum sem rannsökuð hafa verið af þjóðfræðingum og stakk þannig upp á að þjóðfræði væri einfaldlega það sem þjóðfræðingar geri.<sup>1</sup>

Til þess að greina og rýna í það efni sem hérna er til rannsóknar verður í fyrsta lagi að skilgreina hvernig það flokkast undir þjóðfræði. Alan Dundes skilgreindi þjóðfræðihóp sem alla hópa fólks sem deila að minnsta kosti einum sameiginlegum þætti. Ekki skipti máli hver tengingin væri, hún gæti verið sameiginlegt tungumál, atvinna eða trú, en það sem skipti máli sé að hópur sem myndast hefði einhverjar hefðir útaf fyrir sig.<sup>2</sup> Hópar geta myndast í nánd, hópar geta myndast með hefðum, hópar geta deilt breytilegu þjóðfræðaefni: frásögnum, hefðum og efnismenningu.<sup>3</sup> Þjóðfræðingurinn Barre Toelken bætir við að hreyfiafl hópsins haldi honum saman með sameiginlegum hefðum sem þróast á sama tíma og hópurinn sjálfur breytist. Hópurinn deilir óformlegum munnlegum samskiptum sem verða grunnur að menningarlegri tjáningu. Hann þarf að hafa haldið sér í gegnum hreyfiaflið í talsverðan tíma. Stærð hóps getur verið óformleg, tvennd (e. dyad) er minnsta mögulega gerð hóps, hún inniheldur tvo einstaklinga sem viðhalda sambandinu með sameiginlegum skilningi í því samhengi (e. context) sem þeir báðir skilja. Þar er hreyfiaflið að verki. Hið sameiginlega í tvenndinni endurtekur sig án þess

---

<sup>1</sup> Dundes, *The study of Folklore*, 3.

<sup>2</sup> Dundes, *The Study of Folklore*, 2.

<sup>3</sup> Sims, *Living folklore*, 38.

að útskýringar þarfnist við og það er, samkvæmt Toelken, hinir eiginlegu eiginleikar hvers þjóðfræðihóps.<sup>4</sup>

Hin einstaka fjölskyldueining getur þannig verið ein minnsta eining þjóðfræðihóps, því einstaklingar innan hennar deila hefðum, sögum, orðtiltækjum og óformlegum samskiptum innan hópsins og það styður hóptilfinninguna hjá þessum tiltekna þjóðfræðihóp. Ef fjölskylda getur verið hópur, getur þá hópur verið fjölskylda? Er hugsanlega hægt að heimfæra þjóðfræðiskilgreininguna á hópi og halda því fram að fjölskylda sé hópur einstaklinga sem tengjast í gegnum hefðir, venjur og nán samskipti. Fjölskylda getur verið blóðtengd en það er ekki skilyrði, fjölskylda getur deilt rými en það er heldur ekki skilyrði og fjölskylda getur innihaldið tvo eða fleiri aðila. Fjölskylda verður hér skilgreind sem hópur einstaklinga sem tengjast í gegnum hefðir, venjur og nán samskipti sín á milli.

Að finna sér rými til að iðka óhefðbundið fjölskyldulíf getur reynst snúið. Hús eru hönnuð með fyrirfram ákveðnar þarfir í huga sem gefa ekki mikið svigrúm til andstöðu. Til þess að greina hvaðan hugmyndirnar um þarfirnar eru komnar og hagsmunum hvers þær þjóna er nærtækt að leita í smiðju ítalska marxistans Antonio Gramsci. Hann kom fram með hugmyndina um menningarlegt forræði sem snýst um að í hugmyndafræði hvers tíma birtist menningarlegir yfirburðir ráðandi afla (e. cultural hegemony). Í því felst að, eins og Steinar Örn Atlason útskýrir í inngangi að grein Gramsci „Menntamenn“ í *Ritinu*, að: „ráðandi þjóðfélagshópur nær tókum á samfélaginu í gegnum þær félag- og menningalegu stofnanir sem hann skapar og þannig festir hann sín *eigin gildi* í sessi sem *almenn gildi* pólitískrar og siðferðislegrar hegðunar.“<sup>5</sup> Gramsci taldi að menntamenn innan hvernar stéttar gegndu lykilhlutverki í uppbyggingu „hegemóníunnar“ með valdboðum stofnanna og ráðandi afla og þar gegna arkitektar veigamiklu hlutverki við að hanna híbýli og íverustaði þegnanna.<sup>6</sup> Arkitektarnir uppfylla trúarlegar, menningarlegar og hugmyndafræðilegar kreddur ráðandi afla hvers tíma. Skipulag húsnæðis

---

<sup>4</sup> Toelken, *The Dynamics of Folklore*, 56.

<sup>5</sup> Steinar Örn Atlason, Menntamenn (inngangur), 143.

<sup>6</sup> Gramsci, Menntamenn, 144 - 153.



og þær þarfir sem því er ætlað að uppfylla sýna fram á hverjar hugmyndir ráðandi afla hvers tiltekins þjóðfélags eru hverju sinni.

Hversdagurinn samanstendur af endurtekningasömum gjörðum sem eiga það flestar sameiginlegt að leggja einhvers konar huliðshjúp yfir merkingu og mikilvægi þeirra atvika sem eiga sér stað. Að mati félagsfræðingsins og heimspekingsins Henri Lefébvre skiptist hversdagurinn í einkalíf, vinnu og tómstundir. Hann taldi að „aðgreinanleiki hversdagsþáttanna (vinna – fjölskylda og „einkalíf“ – tómstundir) gæfu til kynna ákveðna firringu og hugsanlega sundurgreiningu á sama tíma, - árangursríkar mótsagnir. Og eins og með allar heildir þá verður að rannsaka hann í samhengi við innra samband þáttanna.“<sup>7</sup> Þannig vildi hann meina að einstaklingurinn afli tekna í vinnutíma sínum til að njóta í frítíma sínum og sé þannig stöðugt að viðhalda ríkjandi hagkerfi. En getur einstaklingur notað hversdaginn til að vera með andóf gegn ríkjandi kerfi?

Innan hversdagsins fyrirfinnst andófsrými þar sem einstaklingar geta beitt brögðum til að takast á við fyrirfram skilgreind rými og ráðandi öfl. Michel de Certeau skoðaði þá menningarlegu iðju sem fer fram á vettvangi hversdagsins og greindi valdaformgerð hversdagsmenningarinnar annars vegar í ráðagerðir (e. strategies) og hins vegar brögð (e. tactics). Samkvæmt honum geta einstaklingar notað það rými sem hannað er með ákveðna hegðun og hreyfingu í huga til að beita brögðum í því þegar þeir taka það undir sig og nota á annan hátt en ætlast er til.

Innan veggja heimilisins eiga sér einnig stað samskipti sem að mörgu leyti enduróma hugmyndaheim fyrri kynslóða. Samskipti kynjanna og hugmyndir þeirra um kynjahlutverk innan heimilisins hafa átt sinn þátt í að viðhalda ójöfnuði á milli kynjanna og hefur félagsfræðingurinn Sylvia Walby sett fram kenninguna um kynjakerfið (e. patriarchy). Hún gerir heildarúttekt á ástæðum þess að kynjunum er haldið í horfinu og skilgreinir kynjakerfið sem „félagslegt yfirráðakerfi þar sem karlmenn

---

<sup>7</sup> Lefébvre, *Critique of Everyday Life*, 32. Í enskri útgáfu: „The discreteness of the elements of the everyday (work – family and „private“ life – leisure activities) implies an alination; and perhaps at the same time a differentiation – certain fruitful contradictions. In any event, like all ensembles (or totalities), it must be studied in terms of the interrelation of its elements.“

njóta góðs af undirskipun kvenna.“<sup>8</sup> Hún greindi svo kynjakerfið niður í sex svið: atvinnulíf, fjölskyldu og heimili, ríkisvald, ofbeldi, kynverund og menning. Þessi sex svið tengjast að hennar mati innbyrðis og eru bæði styrkjandi og útilokandi hvert við annað, en eru samt sem áður tiltölulega sjálfráð.<sup>9</sup> Kynjakerfið er hluti af hinu menningarlega forræði.

Notast verður við þær kenningar sem minnst er á hér fyrir ofan til að leggja stoðir undir það markmið höfundar að sýna fram á hve margslungið ríkjandi hugmyndakerfi og þrautseigt. Kenningar fleiri fræðimanna verða notaðar og gerð verður grein fyrir þeim eftir því sem á við í framvindu ritgerðarinnar.

### **Rannsóknaraðferðir**

Rannsóknin var gerð til að fá innsýn inni líf, hugmyndafræði og samfélag þeirra einstaklinga sem kusu að búa í því óhefðbundna sambýlisformi sem fjallað er um. Tekið var u.þ.b. klukkustundarlangt viðtal við alla einstaklingana á þeirra heimavelli, þ.e. í heimahúsi viðkomandi, við þær aðstæður sem þeir kusu, ýmist við eldhúsborð við hversdagslegar aðstæður eða í stofu viðkomandi við ögn formlegri aðstæður. Hugmyndin á bakvið það að taka eigindleg viðtöl er sú að viðtölin verða dýpri og einlægari, eigindlegi rannsakandinn lærir um lífshætti með því að skoða fólkið og umhverfi þeirra og eiga í nánnum munnlegum samskiptum við það í nokkurn tíma. Ennfremur gefa eigindleg viðtöl kost á að greina áherslur, andlitstjáningu og hik, - ólíkt t.d. uppskrifuðum viðtölum eða meginndlegum rannsóknum. Valerie Raleigh Yow fjallar um það í bók sinni *Recording Oral History* að hið djúpa viðtal geri rannsakandanum kleift að gefa viðmælandanum svigrúm til að svara eins og hann kýs og gefa upplifun sinni merkingu og skjóta inn viðfangsefnum. Á þann hátt geta nýjar kenningar orðið til.<sup>10</sup> Að taka viðtölin í heimahúsum gefur rannsakanda ennfremur kost á vettvangsathugun og að fylgjast með

---

<sup>8</sup> Walby, *Theorizing Patriarchy*, 20. Ensk útgáfa: „a system of social structures and practices in which men dominate, oppress and exploit women.“

<sup>9</sup> Walby, *Theorizing Patriarchy*, 20.

<sup>10</sup> Yow, *Recording Oral History*, 5.

viðmælanda í sínu umhverfi með sínum persónulegu munum og stíl og fá þannig tækifæri til að spyrja nánar úti það.

Kjarni spurninganna var skrifaður niður, til að halda bæði spyrjanda og viðmælanda við efnið ef vera skildi að samræðurnar færu í aðrar áttir en upprunalega hugmyndin<sup>11</sup> var en einnig til að viðmælendurnir fengju allir sömu kjarnaspurningarnar og hægt væri að bera saman svör þeirra. Viðtölin voru þó opin fyrir öðrum umræðuefnum en bara þeim sem spurningarnar fjölluðu um og reyndi spyrjandi samt sem áður að fylgja ákveðinni fyrirfram gefinni línu. Valerie Raleigh Yow minnst á það í bók sinni að eðli eigindlegra rannsókna sé að rannsakandinn fái upplýsingar sem ekki var gert ráð fyrir í byrjun viðtals og noti þær upplýsingar seinna meir.<sup>12</sup> Sá lærdómur átti vel við viðtalsupplifun mína og í flestum þeim viðtölum sem ég tók, bjó ég til og tók ég með mér nýjar spurningar úr einu viðtali í annað, þannig að hvert viðtal varð aðeins hnitmiðaðra en það sem á undan kom. Sama er hægt að segja um spurningar sem ég slepti frá einu viðtali til annars. Viðtölin voru öll tekin uppá hljóðupptökutæki sem viðmælendurnir veittu ekki mikla athygli og virtust verða næstum því ómeðvitaðir um þegar líða tók á viðtölin.

## Viðmælendur

Haft var uppi á þátttakendum í rannsóknina með svokölluðu snjóboltaúrtaki þar sem einn viðmælandinn benti á annan og þar fram eftir götunum<sup>13</sup> en einnig aflaði ég mér vitneskju um þátttakendur einfaldlega með því að tala um verkefnið við vini og vandamenn og fá þannig ábendingar um hugsanlega viðmælendur. Ég hafði samband við alla viðmælendurna í gegnum tölvupóst og allir samþykktu strax að taka þátt og leyfa mér að taka viðtöl við þá. Suma viðmælendurna kannaðist ég við, tveir höfðu verið kennarar mínir, en aðra þekkti ég aðeins af afspurn og þau vissu líklega engan deili á mér.

Þátttakendurnir í rannsókninni voru vel viljugir til að rifja upp og

---

<sup>11</sup> Yow, *Recording Oral History*, 72.

<sup>12</sup> Yow, *Recording Oral History*, 73.

<sup>13</sup> Yow, *Recording Oral History*, 81.

deila lífsreynslu sinni á hinu óhefðbundna sambúðarformi, hugsanlega vegna þess að reynsla þeirra af sambúðinni var yfirhöfuð jákvæð og þau höfðu greinilega áhuga á að deila henni. Upphaflega hugmyndin var að taka viðtal við tvær sambýlis-fjölskyldur; tvo fullorðna og eitt barn úr hvorri einingunni um sig. Á endanum breyttust þær áætlanir, bæði sökum þess að ekki var hægt að ná í tilætlaða viðmælandur og einnig breyttra hugmynda rannsakanda. Að lokum voru tekin alls sex viðtöl, við einstaklinga úr þremur fjölskyldueiningum, tvær konur, þrjá karla og eitt barn (karlkyns). Þessar þrjár fjölskyldueiningar áttu það allar sameiginlegt að innihalda þrjá til fjóra fullorðna einstaklinga og tvö eða fleiri börn. Þau fundu sig flest á vinstri væng stjórnmalalegrar umræðu og voru öll með einhvers konar framhaldsmenntun. Fleira áttu þau sameiginlegt og farið verður dýpra ofan í það síðar í rannsókninni. Kynjaskipting viðmælandanna endurspeglar ekki kynjaskiptinguna inn á heimilunum og upphaflega var áætlunin að hafa kynjaskiptinguna jafna; að taka viðtal við eina konu og einn karl úr hverri einingu fyrir sig, eina dóttur og einn son, en það tókst það ekki og á endanum var tekið viðtal við tvo karla úr einni einingunni, karl og konu og einn son úr annarri einingunni og eina konu úr þriðju einingunni.

Viðtölin voru tekin á tímabilinu september 2012 – júlí 2013 og allir viðmælandur voru fæddir á árunum 1940 - 1983. Fyrsti viðmælandi minn var Þorgerður og hún var jafnframt sú sem kveikti áhuga minn á viðfangsefninu. Þorgerður bjó með manni sínum og barni ásamt öðru pari á Óðinsgötunni frá 1986 – 1988. Hún er háskólamenntuð frá Svíþjóð og starfar nú sem prófessor í kynjafræði við Háskóla Íslands. Hún og maður hennar Pálmi áttu eina dóttur fædda árið 1984 þegar þau bjuggu á Óðinsgötunni. Þorgerður og Pálmi bjuggu með Gísla og Kolbrúnu og mun sú sambúðareining ganga undir nafninu Óðinsgötufjölskyldan. Hinn aðilinn sem ég tók viðtal við úr Óðinsgötunni var Gísli. Hann og Kolbrún kona hans voru að koma úr námi í Noregi þegar þau ákváðu að flytja inn með Þorgerði og Pálma. Við flutninginn eiga þau eitt barn sem er þriggja ára og eignast svo annað á meðan sambúðinni stendur. Gísli er menntaskólakennari og Kolbrún er næringarfræðingur. Kolbrún hafði kosið að taka ekki þátt en var viðstödd seinni hluta viðtalsins. Þá sátum við

Gísli við eldhúsborðið og hún eldaði mat á meðan og tók þá þátt í viðtalinu að miklu leyti, þannig að þau gátu spurt sín á milli þegar eitthvað var ekki alveg á hreinu og rifjað upp saman. Það bætti heilmiklu við viðtalið og gerði það dýpra en það hefði verið ella.

Því næst tók ég viðtal við Gylfa Pál, hann bjó með konu sinni Sigurlaugu og syni sínum Kára, á Bárugötunni í sambúð með Ingibjörgu S. og Hjörleifi, sú sambúðareining verður nefnd Bárugötufjölskyldan. Gylfi og Sigurlaug eru bæði menntuð í Danmörku og kynntust kommúnuförminu þar. Þau fjögur keyptu saman húsið að Bárugötu og gerðu það upp eins og kostur var. Hinn viðmælandinn í Bárugötufjölskyldunni var Hjörleifur, hann og Ingibjörg S. kona hans bjuggu með Gylfa Páli og Sigurlaugu ásamt einum syni sínum. Hjörleifur sker sig úr fjöldanum að því leyti að hann menntaði sig ekki á Norðurlöndunum heldur lærði kínversku í Kína á áttunda áratugnum, en Ingibjörg S. menntaði sig í Danmörku. Þau áttu eitt barn þegar sambúðin hófst en eignuðust svo annað þegar henni var lokið.

Síðast tók ég viðtal við Ingibjörgu H. Hún og dóttir hennar bjuggu með Árna frænda þeirra, Hallgerði konu hans og börnum þeirra í Háagerði um miðjan níunda áratuginn. Hún átti ekki maka og barnsfaðir hennar var fjarverandi og þar af leiðandi er sú sambúð ólík hinum. Sú sambúð verður kölluð Háagerðisfjölskyldan. Fjölskyldurnar keyptu sér hús saman og bjuggu þar í nokkur ár, seldu svo húsið og keyptu sér tvær íbúðir í sama stigagangi þar sem samgangur var mikill því meðal annars var baðherbergi staðsett bara í annarri íbúðinni. Sambýlisfjölskylda Ingibjargar H. voru hjón með þrjú börn, þau höfðu búið saman áður í kómmúnu að Skólastræti og þegar Ingibjörg H. skildi við barnsföður sinn þá buðu þau hjónin henni að búa með sér í lítilli íbúð á Grundarstíg.

## Spurningar

Viðtölin sjálf byggðust á opnum spurningum og voru öll tekin í einni lotu. Þau voru lauslega uppbyggð þar sem spurningarnar voru skrifaðar niður en samræðunum var leyft að flæða í þá átt sem rannsakanda þótti áhugaverð. Öll viðtölin byrjuðu á spurningu um bakgrunn viðmælandans.<sup>14</sup> Þau viðfangsefni sem lagt var áherslu á voru í þremur hlutum og fjallaði fyrsti hlutinn um framkvæmdina og efnismenninguna, og voru spurningarnar meðal annars þessar:

- 1) Hvaðan kom þessi hugmynd að fara að búa með annarri fjölskyldu?
- 2) Hvernig var hún framkvæmd?
- 3) Hvernig virkaði sambúðin í raun?
- 4) Hvernig var hlutverkunum skipt upp?
- 5) Hverjar voru jákvæðu/neikvæðu hliðar þess?
- 6) Hver átti hvað – eignarhald?
- 7) Hvernig voru aðstæðurnar sem þið bjugguð við, - lýstu íbúðinni?

Annar hlutinn fjallar um fjölskylduna; nær-fjölskylduna og stóru fjölskylduna, hefðir og siði sem hún þróaði með sér:

- 1) Átti heimilið sér einhverjar sérstakar hefðir, sögur eða söngva?
- 2) Voru einhverjar matarhefðir s.s. sérstakur matur á sérstökum dögum, eða átti einhver íbúinn sína sérstöku rétti sem hann eldaði?
- 3) Eru einhverjar hefðir sem lifa ennþá?
- 4) Voru sérstök kynjahlutverk í sambúðinni og hvernig virkuðu þau?
- 5) Var einhverju sérstöku haldið að börnunum eða frá þeim? Sjónvarp, leikföng?
- 6) Voru einhverjar reglur á heimilinu varðandi fullorða fólkið?
- 7) Mátti skamma börn hinna?

---

<sup>14</sup> Yow, *Recording Oral History*, 72 – 73.

Og þriðji hlutinn fjallar um viðbrögð umhverfisins við þessu tiltekna sambúðarformi og hugmyndum sambýlinganna um samfélagið sem þau bjuggu í og stöðu sína í því:

- 1) Hvernig sérðu stöðu þína sem einstaklings innan samfélagsins þá og nú?
- 2) Hvernig voru viðbrögð vina, vinnufélaga, fjölskyldu (ömmu og afa)?
- 3) Hvernig fólk býr í kómmúnum?
- 4) Hvernig er venskapurinn núna, hittast fjölskyldurnar? Hittast börnin?

Spurningarnar voru ekki endilega spurðar í þessari röð, en grunnþemun sem reynt var að fá fram voru þessi; efnismenning heimilanna, hefðir, venjur, félagsleg staða einstaklinganna, samfélagsleg stemning, viðbrögð umhverfisins, hugsjónir og lífstíll, hlutverk kynjanna og samskipti sambýlinganna.

### **Sjónarhorn rannsakandans**

Lífið er ekki einföld saga með byrjun, risi og enda þar sem allir hnútar eru bundnir snyrtilega saman, heldur margflæktir þræðir atburða, gjörða og upplifana. Póstmóðernískt sjónarhorn á lífsfrásögn sögumanns bendir á að sannleikann sé hvergi að finna því hugsanlega sé engin endanlegur sannleikur til. En upplifanir og menning eru alltaf hluti af honum en það er einmitt það sem sem gefur okkur tækifæri á að líta á frásagnir einstaklinga og finna útúr því hvaða áherslu sá einstaklingur leggur í lífið og sér líf sitt. Er falið markmið í sögunni?<sup>15</sup> Frásagnir viðmælendanna eru valkvæðar, þær eru ekki lokasannleikur né einfaldur raunveruleiki. Þær eru túlkun á aðstæðum og viðhorf þeirra og veruleika, þær eru alltaf afrakstur þeirrar menningar sem framleiðir þær. En með það í huga er hægt að gefa

---

<sup>15</sup> Yow, *Recording Oral History*, 15.

vitnisburði einstaklinga vigt og merkingu því hann raungerir söguna og sýnir fram á mismunandi sjónarhorn á hana.

Clifford Geertz vann með hugtakið marglaga lýsing (e. thick description), frá Gilbert Ryle sem kom fram með það upphaflega, til að lýsa stöðu rannsakandans gagnvart viðmælandanum. Með marglaga lýsingu á Ryle við það sem á sér stað undir yfirborðinu, sú saga sem ekki er sögð og rannsakandinn getur í raun og veru ekki vitað um nema hafa verið hluti af þeirri menningu sem lýst er. Líf fólks og lýsingar á því geta ekki verið eitt þunnt lag, heldur eru aðrir atburðir, sögur og venjur yfirleitt undirliggjandi og valda því að eitt eða annað á sér stað sem veldur yfirborðslýsingunni. Og það felur í sér að: „lagmyndað valdastigveldi af merkingafullum formgerðum með tilliti til kippa, blikks, skopstælingar og æfinga á skopstælingum eru framleidd, skynjuð og túlkuð og án þeirra væru þau ekki til, sama hvað hver gerði með augnlokunum sínum.“<sup>16</sup> Marglaga lýsing er markmið rannsóknarinnar, ekki einföld lýsing reynslu viðfanganna heldur dýpri greining og skilningur sem hefst með því að rannsaka viðfangsefnið ekki með fyrirfram gefna úrlausn í huga. Viðtölin voru innihaldsgreind eftir orðum, þemum, persónum, málsgreinum, einingum, hugtökum og táknum.<sup>17</sup> Meðvitund um valdastöðu rannsakandans og viðmælandans gagnvart hvor öðrum er einnig mikilvæg. Slík sambönd eru í eðli sínu marglaga og breytur eins og aldur, kyn, kynþáttur og kynhneigð geta haft áhrif á samtalið. Mikilvægt er að hafa það í huga þegar greina á viðtalið.<sup>18</sup> Valerie Raleigh Yow bendir á að við getum og viljum heldur ekki þykjast halda fram fullkomni hlutlægni og því ætti rannsakandinn að líta á viðtalið sem samvinnuverkefni.<sup>19</sup>

---

<sup>16</sup> Geertz, *The Interpretation of Cultures*, 7. Í enskri útgáfu: „a stratified hierarchy of meaningful structures in terms of which twitches, winks, fake-winks, parodies, rehearsals of parodies are produced, perceived and interpreted and without which they would not [...] in fact exist, no matter what anyone did or didn't do with his eyelids.“

<sup>17</sup> Berg, *Qualitative Research Methods*, 348-9.

<sup>18</sup> Yow, *Recording Oral History*, 179.

<sup>19</sup> Yow, *Recording Oral History*, 2.



## „Hin almenna skynsemi“

Þegar einstaklingar ákveða að brjóta upp hefðbundið sambúðarform kjarnafjölskyldunnar, þar sem mamma, pabbi og eitt til þrjú börn lifa í rými sem hannað er með þeirra þarfir í huga, er ekki bara vert að spyrja spurninga um hvað hafi vakað fyrir þeim og hvernig til tókst, heldur einnig um hvernig hugmyndin um hefðbundið sambúðarform hafi orðið ráðandi og samþykkt í samfélaginu. Ein leið til að takast á við þess konar spurningar er að kryfja kenningar fræðimanna sem hafa greint og afbyggt samfélagsbygginguna sem eitthvað sem er ekki náttúrulegt og þar af leiðandi óbreytanlegt ástand heldur að hún sé jafnvel vísvitandi uppbyggð til að þjóna hagsmunum ákveðinna stétta.

Hér á eftir mun ég notast við kenningar fræðimanna á borð við Roland Barthes, Antonio Gramsci og Michel de Certeau til að greina hvernig hið menningarlega forræði verður til í gegnum hversdaginn og hvernig hægt er að vera með andóf innan hversdagsins sem nokkurs konar gagnmenningu gegn því. Gagnmenning er í eðli sínu andóf í því rými sem einstaklingar lifa í, þar sem þátttakendur gagnmenningarhópsins nota tákni, umhverfi, lifnaðarhátt, lífstíl og fjármagn til að hafa áhrif á menninguna og taka ekki þátt í hefðbundnu lífsmynstri borgaranna.<sup>20</sup>

Í bók sinni *Subculture: The meaning of Style* setti breski fjölmiðla- og félagsfræðingurinn Dick Hebdige fram þá kenningu að ákveðin gerð menningar verður að ráðandi menningu í hverju þjóðfélagi fyrir sig og hvernig hugmyndafræði *normsins* - hinnar „heilbrigðu skynsemi“ verður að yfirráðandi hugmyndafræði samfélagsins. Hebdige rekur kenningar táknafræðingsins Roland Barthes um tákni og táknimynd sem hann þróaði út frá kenningum málfræðingsins Ferdinand de Saussure. Þær sýna fram á að samband tákni myndarinnar og táknsins er ekki náttúrulegt heldur fullkomlega handahófskennt og vildi hann með því sýna fram á að duldar merkingar hversdagsins væru ekki „náttúrulegar“ og þar með óbreytanlegar, heldur hvernig að hefðir og venjur hversdagsins væru útfærsla kerfislægrar afbökunnar.<sup>21</sup> Tákni sem Barthes vísar til geta verið

---

<sup>20</sup> Hebdige, *The Meaning of Style*, 17.

<sup>21</sup> Hebdige, *The Meaning of Style*, 9.

siðareglur eða venjur sem ráðandi öfl í þjóðfélaginu hafa túlkað sem algildar og þar með sem almenna skynsemi. Hugmyndakerfi samfélagsins gegnsýrir orðræðu hversdagsins í hlutverki „almennrar skynsemi“ og það er erfitt að aðskilja það frá hversdagslífinu eða líta á það sem sértækar skoðanir. Ákveðnir hópar hafa meira vægi í ákvarðanatöku sem eflir vald þeirra sjálfra, en aðrir og þar með meiri völd til að þröngva sínum skilgreiningum á heiminum uppá heiminn.

Til þess að skilja betur hugmyndina um hina „almennu skynsemi“ er gott að notast við kenningu Antonio Gramsci um „hegamóníu“ eða menningarlegt forræði. Hann taldi að í hugmyndafræði hverju sinni birtust yfirburðir ráðandi afla. Í því felst að hugmyndir þeirra sem ráða verða viðmið sem allir telja sig hagnast á að fylgja og lifa eftir þó að það séu aðeins hinir meirimáttar sem fyrirkomulagið styður við sem græða á samkomulaginu.<sup>22</sup> Menningarlegt forræði er kerfi athafna og væntinga sem lýtur að lífinu öllu: skynfærum; upplifun; sjálfsmynd; og heimsmynd. Einstaklingar upplifa forræðið í gegnum athafnir sem virðast staðfesta og styðja hvor aðra. Það verður endalaust að endurnýja forræðið, því það er stöðug mótspyrna gegn því. Menningarlegt forræði er í vissum skilningi þögul félagsmótun; matarhættir, atvinnuhættir, heimilishættir. Því er ekki þröngvað á fólk með reglugerðum heldur er því komið svo fyrir að það virðist náttúrlegt og þannig séð lögmætt. Þannig hafa kenningar Gramsci það framyfir kenningar Barthes að gera grein fyrir samþykki hinna valdalausis á merkingu og hlutverki tákna, þau eru gerð náttúrleg og eðlileg og samrýmast þannig skilgreiningu Hebdige á „almennri skynsemi.“ Innan hversdagsins þrífst birtingamynd hins menningarlega forræðis sem samanstendur af kóðum og táknum sem raðað er upp í stigveldi sem samþykkt er ómeðvitað af meirihlutanum þó svo það sé ekki í þeirra þágu. Því er hægt að álykta sem svo að hversdagsmenning sé hin „almenna skynsemi“ og að hún sé allt það sem gagnmenning sé ekki, þó að gagnmenning geti átt sér stað innan hversdagsins þá berst hún gegn honum, hún notar rýmið.

---

<sup>22</sup> Steinar Örn Atlason, Menntamenn, 143.

Innan hversdagsins rúmast andófsrými þar sem einstaklingar geta beitt brögðum til að takast á við hið fyrirfram skilgreind rými og ráðandi vald. Michel de Certeau skoðaði þá menningarlegu iðju sem fer fram á vettvangi hversdagsins og greindi valdaformgerð hversdagsmenningarinnar annars vegar í ráðagerðir og hins vegar brögð. Hin fyrrnefnda; ráðagerðir, er afleiðing þess þegar sá sem valdið hefur aðgreinir sig frá umhverfinu og „útsjónarsemi þess gefur til kynna að staður geti verið ákvarðaður sem „viðeigandi“ og þ.a.l. þjónað sem grundvöllur tengslaframleiðslu...“<sup>23</sup> Síðari formgerðin, sem hann nefnir brögð er afleiðing þess þegar einstaklingur eða hópur getur ekki beitt valdi í sínu eigin stofnanalega rými og staðsetningu og þarf því að beita sér á öðruvísi máta en ætlast er til, eða eins og de Certeau skrifar: „útsjónarsemi sem getur ekki treyst á „viðeigandi“ (rýmislega eða stofnanalega staðsetningu), né heldur á sundurgreinanleg mörk sem sjónræna heild.“<sup>24</sup> Segja má að annars valdalítill einstaklingur efli vald sitt og/eða atbeini (e. agency) innan formgerðar samfélagsins með brögðum<sup>25</sup> og de Certeau vildi þannig sýna fram á hvernig einstaklingar geti skapað sín rými sjálfir innan þeirra rýma sem búið er að skipuleggja undir aðra fyrirfram ákveðna notkun. Notkunin vísar til þeirrar sköpunar og þess andófs sem á sér stað í neyslunni, neyslan er aldrei hlutlaus.<sup>26</sup> Hversdagslegir lífshættir eru þannig ávallt bundnir brögðum að mati de Certeau, hversdagslífið er sköpun og sköpun þegnanna er þögul þar sem hún tengist atferli í hversdagslífinu því hún liggur ekki fyrir sem afurð eða eins og de Certeau sagði: „hversdagslífið finnur upp sjálf sig með að stunda óteljandi leiðir af veiðipjófnaði á landareign annarra.“<sup>27</sup> Brögð neyslunnar er hugvitsamleg leið sem sá sem er í veikari stöðu getur notfært sér þann sem er í sterkari

---

<sup>23</sup> de Certeau, *The Practice of Everyday Life*, xix. Ensk útgáfa: „A strategy assumes a place that can be circumscribed as *proper* (*propre*) and thus serve as the basis for generating relations...”

<sup>24</sup> de Certeau, *The Practice of Everyday life*, xix. Ensk útgáfa: „a calculus which cannot count on a “proper” (a spatial or institutional localization), nor thus on a borderline distinguishing the other as a visible totality”

<sup>25</sup> de Certeau, *The Practice of Everyday Life*, xix.

<sup>26</sup> de Certeau, *The Practice of Everyday Life*, xiii.

<sup>27</sup> de Certeau, *The Practice of Everyday Life*, xii. Í enskri útgáfu: „Everyday life invents itself by *poaching* in countless ways on the property of others“

stöðu og þannig innleitt pólitíska vídd inn í hversdagslegar athafnir.<sup>28</sup> Michel de Certeau kemur með annan áhugaverðan punkt sem fjallar um hvernig einstaklingar geti notfært sér sinn hversdag til að sýna andóf. Þeir einstaklingar sem eru meðvitaðir um stöðu sína innan samfélagsins og hlutverk neyslu innan kapítalismans geta og hafa alltaf sett sig út á jaðarinn með því að takmarka þátttöku sína í markaðskerfinu og sett sig í andstöðu við ríkjandi viðhorf.<sup>29</sup>

Andófsrými hversdagsins getur falið í sér að einstaklingur beiti brögðum; með því að haga sér á annan hátt en ætlast er til, eða hagað neyslu sinni þannig að það þjóni framleiðslunni sem minnst. Umræddar fjölskyldur höfðu sína sérstöðu innan hversdagsmenningarinnar og í tilfalli Ingibjargar H., Árna og Hallgerðar þá gerðu þau sér grein fyrir henni og iðkuðu sitt andóf á meðvitaðan hátt. Ingibjörg:

okkur fannst við vera miklu frjálsari en þetta borgaralega pakk í kringum okkur, það held ég hafi verið nokkuð ljóst, og ég man eftir því að þegar við vorum að dreifa einhverjum áróðri fyrir eitthvað sem við vorum að gera og ég fór í Breiðholtið að þar var náttúrulega bara ein sjónvarpsstöð og sló mig rosalega sko að .. maður bankaði uppá og það var sama myndin í hverri einustu íbúð og allir í sínu litla hólfi að horfa á það sama og þetta var mér mikið umhugsunarefni svona hlutir.. ég man hrokinn í manni var náttúrulega alveg svakalegur, ég man ég hjólaði oft niðri Hamrahlíð, ég notaði hjólið á tímabili mikið og þá hjólaði ég framhjá þessum blokkum og vorkenndi fólkinu þarna inni.. guði sé lof að ég er ekki eins og þau..[skellir uppúr]<sup>30</sup>

Ekki voru allir viðmælendurnir á sama máli um hugmyndafræðina á bakvið óhefðbundna búsetuformið sem þeir iðkuðu. Gylfi Páll og Hjörleifur töldu báðir að praktísk ástæða hefði legið að baki fremur en hugmyndafræðileg, leigumarkaðurinn og húsnæðislandslagið hafi verið

---

<sup>28</sup> de Certeau, *The Practice of Everyday Life*, xix.

<sup>29</sup> De Certeau, *The Practice of Everyday Life*, xvii

<sup>30</sup> ÓES8-13-Ingibjörg H.

fremur örðugt og alls ekki gengið að því að finna sér húsnæði nema fólk væri vellauðugt. Þau höfðu öll verið úti í námi og áttu þ.a.l. engan pening þegar þau fluttu til landsins aftur og þeim hafi fundist þetta vera gagnleg lausn.<sup>31</sup> Þjóðfélagsgerðin gerði það að verkum að viðmælendur sáu sér ekki kleift að iðka hversdaginn á vanabundinn hátt með hefðbundnu fjölskyldulífi, heldur urðu þau að finna aðra lausn. Ljóst er að fjölskyldumeðlimirnir tóku ekki ákvörðun um að búa saman í hreinum pólitískum tilgangi því aðstæður í þjóðfélaginu og fjárhagslegur bakgrunnur þeirra áttu þar stóran hluta að verki. En bakgrunnur þeirra og áhugasvið höfðu sitt að segja við að hafa opnað augu þeirra fyrir þeim möguleika að brjóta upp hið hefðbundna fjölskyldumynstur og ákveða að búa saman. Þó svo þau hafi ekki haft fulla meðvitund um menningarlegt forræði eða þau brögð sem hægt er að beita í hversdagslegu rými þá sýndu þau ákveðið andóf með að beita sér í því rými sem þau tóku sér. Því þó svo að meðvituð ákvörðun um hversdaglegt andóf hafi ekki alltaf verið til staðar hjá viðmælendum var það iðkað engu að síður í hinu heimilislega rými með hinu óhefðbundna sambúðarformi.

## Rými

Einstaklingarnir sem rætt var við voru öll hluti af óhefðbundinni fjölskyldu í tiltekin tíma, í tilteknu rými. Eins og áður kom fram verður hugtakið fjölskylda, sem er flókið og flæðandi hugtak, skilgreint sem hópur einstaklinga sem tengjast í gegnum hefðir, venjur og virkni sín á milli. Rýmið sem þau tóku undir sig og aðlöguðu að þörfum sínum var í flestum tilvikum ekki hannað með þeirra þarfir í huga. Í bók sinni *Space and Place* gerir höfundur hennar Yi-Fu Tuan greinarmun á rými (e. space) og stað (e. place) og segir að: „rými er óhlutbundnara en staður og það sem byrji sem ósundurgreint rými breytist í stað þegar við kynnumst því betur og gæðum

---

<sup>31</sup> ÓES4-13-Gylfi.

því gildi.<sup>32</sup> Rými breytist í stað þegar það öðlast merkingu og gildi og merking rýmis og staðar blandast saman í upplifunum.

Staðurinn verður að heimili þegar hann er fylltur af persónulegum munum, félagslegum tengslum og líkömum. En hvernig tóku sambúðaraðilarnir undir sig rýmið og skilgreindu það, gæddu því gildi og bjuggu til stað úr því? Viðmælendurnir Þorgerður og Gísli leigðu íbúð á tveimur hæðum í húsnaði á Óðinsgötu. Hvort parið um sig innan fjölskyldunnar var með sérherbergi en deildi stofu, eldhúsi, baðherbergi og þvottahúsi sem og vinnuástöðu. Í íbúðinni voru þrjú svefnherbergi og eitt vinnuherbergi, sem fullorðna fólkið samnýtti sem skrifstofu. Krakkarnir sváfu saman í barnaherbergi. Þau skiptu með sér verkum skipulega, elduðu sinn hvorn daginn og þrífurinn var skipt eftir vikum. Einnig voru þau með matarfélag þar sem öllum kostnaði var haldið til haga. Það var skráð hver átti að vaska upp, elda, þvo þvotta og þrifa, allt nema svefnherbergi hvors annars og reikningar gerðir upp í loka mánaðarins.<sup>33</sup> Íbúar Óðinsgötunnar tóku undir sig það rými sem var í boði og skipulögðu það að sínum þörfum og iðkuðu þannig ákveðin brögð í skilningi Michel de Certeau. Herbergi sem upphaflega var ætlað fyrir barn varð hjónaherbergi og annað barnaherbergi varð skrifstofa. Fjölskyldan sameinaðist í stóru eldhúsi og skiptust á að elda og þrifa.

já eitt eldhús, eitt baðherbergi, þvottaherbergi sem við samnýttum. Síðan skiptum við bara húsinu upp á milli okkar að öðru leyti þannig að þetta var ekki svona kommúna þar sem allir áttu allt sameiginlegt og allir með nefið í hvers manns koppi heldur var þetta þannig [...] bara svona praktískt lausn á húsnaði fyrir fólk sem var nýkomið úr námi og hafði ekki alltof mikið af peningum.<sup>34</sup>

---

<sup>32</sup> Tuan, *Space and Place*, 6. Ensk útgáfa: „Space” is more abstract than “place.” What begins as undifferentiated space becomes place as we get to know it better and endow it with value.“

<sup>33</sup> ÓES3-12-Þorgerður.

<sup>34</sup> ÓES7-13-Hjörleifur

Íbúar Bárugötunnar höfðu aftur á móti skýrari aðgreiningu á rýminu sínu á milli. Húsið þeirra var 35 fermetrar að grunnflöt en á þremur hæðum, þannig að þau skiptu hæðum með sér og börnin þeirra deildu ekki herbergjum. Þau deildu eldhúsi en voru með sitthvora stofuna. Ábyrgð á heimilishaldinu var skipt niður á fullorðna íbúa hússins, og skiptust þau á að elda og þrifa sameiginlega rýmið. Gylfi Páll, Sigurlaug, Hjörleifur og Ingibjörg S. keyptu húsið að Bárugötu saman. Þau bjuggu lengst af á tveimur hæðum og gerðu svo upp og innréttuðu kjallarann. Ingibjörg S. og Hjörleifur höfðust við á efri hæðinni þar sem herbergið þeirra var og sjónvarpshol. Gylfi Páll og Sigurlaug voru með sitt herbergi á neðri hæðinni og þar var einnig eldhúsið staðsett sem þau deildu. Það var engin baðaðstaða í húsinu þegar þau fluttu inn, en hún kom þegar þau voru búin að gera upp kjallarann og þar bættu þau einnig inn einu barnaherbergi sem Kári var í.

Fjölskyldan í Háagerði deildi fjögurra herbergja húsi, sem þau keyptu saman, í átta ár. Börnin voru öll saman í herbergi, fjögur þegar flest voru og Ingibjörg H. var í einu herberginu og parið Árni og Hallgerður í öðru. Íbúðin var samansett af stóru eldhúsi, þvottahúsi og tveimur stofum á neðri hæðinni og á efri hæðinni voru þrjú herbergi. Þau skiptu með sér matargerð og þvottum eftir vikum og þrifið voru sameiginleg á laugardögum. Þau lögðu peninga í matarsjóð og borguðu skuldir 1/3 hluta á mann. Fjölskyldan að Bárugötu fór í verklegar breytingar á húsinu og breytti rýminu sem upphaflega var byggt og hannað undir kjarnafjölskyldu og lagaði það að sínum þörfum. Þau breyttu kjallara í íverustað með barnaherbergi og baðherbergi, deildu eldhúsi og stofu á jarðhæðinni og hafði aðstöðu annars parsins á efstu hæðinni. Sama gerðu Bárugötufjölskyldan og Óðinsgötufjölskyldan – en á misjafnan hátt þó, þar sem rýmin sem þau bjuggu í voru misjöfn í laginu. Rýmið varð að stað þegar það öðlaðist merkingu og sú merking verður til úr upplifunum, virkni og hversdegi fjölskyldunnar. Innan staðarins er hversdagurinn og hann er uppfullur af athöfnum, hvort sem þær þjóna valdi fjármagnsins eða persónulegum metnaði einstaklinga sem eru drifnir áfram af hinu menningarlega forræði.

## Matur

Hlutverk eldhússins á nútímaheimilinu sem „hjarta heimilisins“ er það sama og stofan lék áður á borgarlegum heimilum.<sup>35</sup> Sú starfsemi sem fram fer í eldhúsum er ekki bara orðin sýnileg heldur er hún jafnvel orðin að stolti heimilisins. Endurhönnun heimila miðast oft við að stækka eldhús og gera það að miðdepli heimilisins þar sem fjölskyldan getur safnast saman við þá iðju sem hverjum fjölskyldumeðlimi eru kærust. Í grein sinni „Postmodern“ Home Life“ skrifar Tim Putnam efnismenningarsagnfræðingur um þróun nútíma heimilisins og í henni kemur meðal annars fram að fæðing nútímaheimilisins hafi orðið þegar yfirvöld tóku uppá að byggja íbúðir hannaðar í kringum þær tæknilegu nýjungar sem áttu sér stað á tímabilinu 1920 – 1950, semsagt pípulagnir fyrir hreinlæti og rafmagn til að létta á heimilisstörfunum og þá hafi heimilið orðið að yfirlýsingu á sjálfsmynd einstaklinganna. Sá lifnaðarháttur sem fylgdi þessum tækninýjungum átti einnig eftir að hafa áhrif á innanhússkipulagið á þann hátt að þær urðu einfaldari og meira notagildi fólst í þeim, innanhússtillinn varð „móðernískur.“ Nútímaheimilið varð opið og rýmin inni því margnota. Síðan 1960 hafa stofurnar misst spari-gildi sitt á meðan eldhúsið og baðherbergið hafa verið dregin fram og gerð sýnileg, heimilið er orðið póst-móðernískt. Putnam heldur ennfremur fram að merking hins heimilislega rýmis hafi verið endursköpuð þegar nýir lifnaðarhættir komu fram.<sup>36</sup> Eldhúsið var miðstöð samskipta hjá flestum fjölskyldunum sem fjallað er um. Þar sameinuðust þær við matargerð og borðhald og þar voru óformlegir húsfundir haldnir, eða eins og Hjörleifur segir þegar hann er spurður um hvort Bárugötufjölskyldan hafi einhvern tímann haldið húsfundi til að ræða málin þá svarar hann: „nei.. ekki... við náttúrulega borðuðum saman, spjölluðum mest þannig.“<sup>37</sup>

Eldamennska á sér stað í eldhúsum og eins og kom fram hefur eldhúsið tekið við af stofunni sem miðdepill heimilisins þar sem

---

<sup>35</sup> Putnam, “Postmodern” Home Life, 142.

<sup>36</sup> Putnam, “Postmodern” Home Life, 143.

<sup>37</sup> ÓES7-13-Hjörleifur.



samskipti eiga sér stað. En hvaða merkingu hafði eldhúsið sem staður fyrir viðmælendurna og hvaða hlutverki gegndi matargerðin hjá þeim? Fjölskyldurnar umræddu lögðu allar mikla áherslu á mat og matargerð og virðist sem svo að minningar tengdar matargerð standi ofarlega í huga viðmælendanna þessum tæpu 30 árum eftir að sambúðin átti sér stað. Á heimilunum var eldamennskunni skipt niður eftir dögum, á fullorðnu íbúanna. Sumir áttu sinn sérrett sem þeir elduðu og aðrir áttu sinn uppáhaldsrétt sem aðrir elduðu. Gylfi Páll lýsti vaktaskiptunum í eldhúsinu á Bárugötunni svo:

„Já við vorum til dæmis með fastan mat einu sinni... fjórum sinnum í viku.. sko við vorum fjögur þannig að við elduðum sko einu sinni í viku, á sunnudögum borðar maður oft hjá foreldrum sínum og svo um helgar eldaði sá sem að var til í að elda, kannski á föstudögum var oft eitthvað snarl.. svona afgangur frá vikunni og á laugardögum buðum við kannski einhverjum í mat eða einhver bauð einhverjum í mat eða okkur var boðið í mat eða eitthvað svona.<sup>38</sup>

Viðmælendurnir lýstu allir yfir ánægju með skipulagið á sínu heimili og Þorgerður nefndi að það að skipta matseldarábyrgðinni á milli einstaklinga hefði gefið þeim tækifæri til að smakka og borða mat sem þau annars hefðu ekki átt kost á að borða og venjast mat sem þau hefðu ekki vanist á sínum eigin heimilum.<sup>39</sup> Hjörleifur sagðist hafa vanist þeirri tilhugsun að það væri „sjálfsgöð kurteisi að maður borðaði það sem væri á borðum en hins vegar ef maður vissi að einhverjum fannst eitthvað vont þá passaði maður sig á að vera aldrei með það en að öðru leyti ræður kokkurinn“<sup>40</sup> og það virðist hafa verið almenn regla þegar kom að matseld á þessum tilteknu heimilum. Fjölskyldurnar bökuðu sín eigin brauð og meðlimum fjölskyldunnar á Bárugötunni varð tíðrætt um ákveðna gerð að músli sem búið var til einu sinni viku og þótti vera framúrskarandi. Það má spyrja sig hvað það sé í tengslum við mat og

---

<sup>38</sup> ÓES4-13-Gylfi.

<sup>39</sup> ÓES3-12-Þorgerður.

<sup>40</sup> ÓES7-13-Hjörleifur.

matargerð sem geri hann svo eftirminnilegan og tengdan jákvæðum minningum? Í kaflanum „The Rules of Art“ í öðru bindi bókarinnar *The Practice of Everyday Life* skrifar Luce Giard að litið sé á heimilismatargerð í senn sem nauðsynlega en þó óvirðingarverða og um leið er hún fordæmd sem endurtekningasamt ferli sem sé tilbreytingarlaust, gjörsneytt gáfum og ímyndunarafli, en í hverju einstaka tilfalli er eldamennskan auðmjúk, þrálát, grundvallar framkvæmd sem er endurtekin í gegnum tíma og rými, vandlega ofin í tengslanet sjálfsins við aðra, fjölskyldusöguna og umhverfið.<sup>41</sup> Það er í sjálfu sér áhugavert að þrátt fyrir hve hversdagsleg eldamennska á heimilum þykir þá stendur hún uppúr í endurminningum viðmælendanna. Þannig er hægt að ímynda sér að þau samskipti sem fjölskyldurnar áttu við matargerð eða í kringum hana í eldhúsinu hafi verið þeim kær og eftirminnileg og minningin standi eftir sem slík.

## Hversdagslíf

Líf og lifnaðarháttur fjölskyldnanna var að mati viðmælendanna hversdagslegt þrátt fyrir óvenjulegt heimilisfyrirkomulag. Upplifun þeirra var sú að líf þeirra; heimilis- og hversdagslíf, hafi á flestan hátt verið svipað hversdagslífi annarra hefðbundnari fjölskyldna. Ingibjörg H. lýsti hversdeginum svo:

já... sko við vorum með einn sameiginlega bíl, þannig að við fórum iðulega saman á morgnanna og þannig að við vöknudum yfirleitt á sama tíma og krakkarnir fengu sér morgunmat og sonna og svo var byrjaður rúnturinn að fara með þau, hver á sinn stað sko, þau voru nú ekki einu sinni á sama... í sömu pössun þannig að þetta var dáldið, dáldið mál.. umm, já svo, ég var að kenna uppí Hamrahlíð þá, þannig að ég var yfirleitt komin fyrst heim, það var styttri vinnudagur hjá mér, og þá fór ég yfirleitt og náði í alla krakkana og ef að ég var.. stundum var ég að kenna í öldungadeildinni og þá skiptist það í hina áttina..

---

<sup>41</sup> de Certeau, Luce Giard og Pierre Mayol, *The Practice of Everyday Life*, 157.

um já.. þetta var bara svona venjulegt fjölskyldulíf.. og svo fór sá sem átti að kaupa í matinn, hann keypti í matinn og eldaði, ég var nú oft búin að elda þegar hin koma, því að þau voru.. unnu miklu meira..<sup>42</sup>

Í lýsingu Ingibjargar H. á hversdagsrúttínu fjölskyldunnar í Háagerði koma fram nokkur atriði sem einkenna hversdaginn á mörgum heimilum; heimili, ferðir á milli staða, matur, dvalastaður annar en heimili, vinna og/eða skóli. Hversdagurinn greinist, samkvæmt Henri Lefèbvre, í vinnu, tómstundir og einkalíf. Hversdagslífið er að mati hans greiningartæki sem hægt er beita til að greina tengsl vinnu og fjölskyldu og hvaða hlutverki hversdagslífið gegnir í framleiðslu- og neyslukerfinu. Hann segir að grundvallarbreytingar hafi átt sér stað í þjóðfélagsgerðinni þegar tómstundirnar urðu til með iðnvæðingunni og borgarastéttinni. Þá hætti vinnan að vera hluti af hversdagslífinu þar sem bændur, vinnumenn og – konur voru hluti af hringrás jarðar og beittu sinni inngrónu og lærðu sérkunnáttu til halda lífi í sér og sínum. Þetta breyttist þegar vinnufólk varð verkafólk og öðlaðist einstaklingsbundnari sjálfsmynd með sérhæfðari störfum. Fólk byrjaði að vinna til þess að geta eignast hluti til að nota í frítíma sínum og hlutverk tómstundanna var að þjóna neyslunni og þar með hagkerfinu. Þar með urðu tómstundir eru ekki bara andhverfa vinnunnar, heldur hluti af framleiðslukerfinu og ekki greindar frá því. Lefèbvre heldur því enn fremur fram að tómstundirnar feli í sér gagnrýni á hversdagslífið því litið er á þær sem tíma sem þjóðfélagsþegninn hefur til að safna kröftum til að takast á við vinnuna og fyrirlitning á vinnunni birtist oft í gagnrýninni á hið hversdagslega. Þannig réttlætir vinnan tómstundirnar og litið er á þær sem nokkurs konar skaðabætur fyrir hversdagslífið.<sup>43</sup>

Eins og áður kom fram voru flestir viðmælendanna virkir í pólitísku félagsstarfi og það fer yfirleitt fram í frítíma starfandi fólks og fyrir fólk sem er hluti af hversdagsmenningunni þá er það oft talsvert þúsl að skipuleggja það vinnutíma og frítíma. Ingibjörg H. var eins og áður

---

<sup>42</sup> ÓES8-13-Ingibjörg H.

<sup>43</sup> Lefèbvre, *Critique of Everyday Life*, 32.

kom fram mjög virk í pólitísku félagsstarfi, hún starfaði með Rauðsokkahreyfingunni sem og Kvennaframboðinu og Kvennalistanum þegar þau komu fram, hún vildi meina að hún hefði, sem einstæð móðir, ekki getað verið jafn virk í starfinu ef hún hefði ekki búið með Hallgerði og Árna.<sup>44</sup> Frítími þeirra var notaður í skipulagt andóf á ríkjandi gildum en hann fól ekki í sér gagnrýni á eigið hversdagslíf á sama hátt og Lefèbvre hélt fram, því það var einnig vettvangur andófs.

## Eigur

Efnislegir hlutir fylgja fólki frá heimili til heimilis en eru augljóslega misverðmætir. Verðmæti getur falist í tilfinningalega verðmæti, efnislegu verðmæti eða praktísku verðmæti. Sumir hlutir ýfa upp minningar, aðrir halda við minningum. Jean-Sébastien Marcoux skrifar í grein sinni *The Refurbishment of Memory* að sumir hlutir séu notaðir til að skapa andrúmsloft í húsum og stöðum. Efnislegir hlutir eru ekki endilega lofgjörð um efnishyggju heldur geta þeir í mörgum tilvikum hlutgert mannleg tengsl og miðlað samskiptum manna.<sup>45</sup> Í tilvikum þeirra fjölskyldna sem fjallað er um gegna húsmunir og efnislegir hlutir ekki tilfinnanlegu sjáanlegu hlutverki í minningum þeirra og vildi engin viðmælendanna kannast við sérstaka tilfinningalega tengingu við ákveðna hluti. Flestir viðmælendurnir gerðu lítið úr eignarhaldi á þeim húsmunum sem þeir deildu og töldu sig ekki tilfinningalega tengda neinum sérstökum hlutum úr sambúðinni. Samband hveurrar fjölskyldu fyrir sig við húsmunina virðist hafa verið breytilegt og Ingibjörg H. lýsir því hvernig eignarhald húsmunanna í Háagerði var í raun fljótandi og síbreytilegt:

það var allt sameiginlegt..nei.. við keyptum.. við vorum að kaupa svona, ég man núna, þegar við keyptum sófa og

---

<sup>44</sup> ÓES8-13-Ingibjörg H.

<sup>45</sup> Marcoux, *The Refurbishment of Memory*, 84.

svona.. það þurfti að endurnýja sófann þá var ákveðið að þau áttu fyrsta sófann og þá var ákveðið að ég myndi kaupa næsta sófa, það var eitthvað svoliðis dæmi

óes: en raftæki, eldavél, þvottavél, ísskápur..

ih: það var sameiginlegt.. við áttum náttúrulega eitthvað þegar við fluttum saman og svo þegar eitthvað bilaði eða þurfti að endurnýjast þá gerðum við þetta bara saman.<sup>46</sup>

Þannig virðist hafa verið sem svo að einkaeignarrétturinn á efnislegum hlutum inná heimilinu hafi ekki verið talinn mikilvægur af íbúum þess og jafnvel hægt að líta svo á að ákveðið andóf gegn neysluhyggju og eignarétti hafi fylgt hugmyndinni um sameiginlegt heimilishald viðkomandi fjölskyldna. Þorgerður minnst þess að það hafi verið hollt fyrir þau, í endurliti, að hafa deilt sínu með öðrum:

við [...] komum í þetta sambýli með allskyns hluti sem við áttum, leirtau og sófa og annað slíkt og það losaði aðeins um það, svona þessa tilfinningu að þetta er mitt og þetta er þitt, þannig að við áttum þetta öll soldið saman, - innan gæsalappa, þegar við bjuggum saman, síðan splittuðum við því upp þegar sambúðinni lauk.<sup>47</sup>

Íbúar Bárugötunnar aðgreindu rýmið á afdráttarlausari máta en hinir viðmælendur rannsóknarinnar og deildu þar af leiðandi síður húsmununum. Gylfi Páll segir að eignarhald á hlutum hafi aldrei verið vandamál og að það hafi alltaf verið ljóst hver hafi átt hvaða hluti. Þó svo að þau hafi verið með sitthvora stofuna og svefnherbergið og allt sem því tilheyrði hafi eldhúsið verið sameiginlegt og þar hafi hlutir þeirra „hrúgast allt saman einhvern veginn“ og sumt hafi þau Gylfi Páll og Sigurlaug átt og sumt áttu Hjörleifur og Ingibjörg S. en sumt áttu þau

---

<sup>46</sup> ÓES8-13-Ingibjörg H.

<sup>47</sup> ÓES3-12-Þorgerður.

saman. Og þegar þau fluttu burt þá vissu þau nokkurn veginn hver átti hvað:

við vorum nú heldur ekkert að æsa okkur yfir þessu.. nei..  
þetta var heldur ekki mál, svona persónulegir hlutir, eða  
svona eignarhlutir, maður vissi sirka hvað ... þetta eru líka  
þau ár sem maður á ekki allt þetta drasl sem maður er  
búinn að sanka að sér í dag<sup>48</sup>

Almennt æðruleysi gagnvart eigum og eignarhaldi var eftirtektarvert hjá viðmælendum og er það í samhljómi við hugmyndafræðilegan bakgrunn þeirra. En viðbrögð samborgaranna við hinu óljósa eignarhaldi voru samkvæmt Þorgerði áhugaverð og minntist hún þess að þeir hefðu tjáð undrun og þótt eignarhaldið sérviskulegt: „það kom fólk sem spurði okkur kannski hérna: „hvar eru ykkar skápar og hvar eru þeirra skápar“ til dæmis í eldhúsinu, eins og við skiptum skápum upp eftir því hver ætti hvað, en það var auðvitað ekki þannig.“<sup>49</sup> Þarna er hægt að sjá að annað fólk sá meiri vandkvæði við samnýtingu eignanna en viðmælendur rannsóknarinnar og sýnir hve hin „almenna skynsemi“ er þéttofin í skilgreiningar borgaranna á hversdagslífinu.

## Fjölskyldutengsl

Eins og kom fram áður mun fjölskylda verða skilgreind hér sem hópur sem tengist í gegnum hefðir, venjur og nán samskipti sín á milli og þar er vísað í skilgreiningar Alan Dundes og Barre Toelken á þjóðfræðihópi. Fjölskyldurnar sem hér um ræðir áttu í óformlegum munnlegum samskiptum og deildu sameiginlegum skilningi á því samhengi sem átti sér stað. Þar verður til það hreyfiafl sem samkvæmt Toelken felast í hinum eiginlegu eiginleikum hvers þjóðfræðihóps. Ennfremur átti sérhver fjölskylda sameiginlegar hefðir og venjur sem er uppistaða þjóðfræðihóps að mati Dundes. En hvernig upplifðu viðmælendur rannsóknarinnar sig og

---

<sup>48</sup> ÓES4-13-Gylfi.

<sup>49</sup> ÓES3-12-Þorgerður.

tengingu sína við sambýlisfólk sitt í sambúðinni? Þorgerður lýsir nánum tengslum íbúa Óðinsgötunnar þannig að börnin hafi á einhvern máta átt tvær mömmur og tvo pabba:

það sem var skemmtilegt líka í þessu sambýli var það að börnin áttu soldið tvær mömmur og tvo pabba, þannig að börnin okkar sögðu kannski Kolla mamma og Gísli pabbi og Pálmi pabbi og Gerða mamma og enn þann dag í dag höldum við hópinn [...] og börnin okkar eru nánast eins og systkin.<sup>50</sup>

Börnin á Óðinsgötunni deildu herbergi og fullorðna fólkið tók sameiginlega þátt í uppeldi þeirra. Gísli telur að náðið samband einstaklinganna á Óðinsgötunni hafi jafnast á við nána ættingja og ennþá séu þau öll hluti af sömu fjölskyldu því enn þann dag í dag mæta þau í fjölskylduboð hvert hjá öðru og samband barnanna er ennþá náðið.<sup>51</sup> Gísli grínast jafnvel með það að Þorbjörn sonur sinn líkist Pálma það mikið að ýmsar getgátur hafi verið á lofti, en kemur fljótt með þá tilgátu að ástæðan sé uppeldis- og félagslegs eðlis því Þorbjörn hafi verið alin upp með Pálma.<sup>52</sup>

Náin tenging var einnig á milli meðlima Bárugötufjölskyldunnar. Kári, sonur Gylfa og Sigurlaugar, segist hafa litið á sig og hina strákana sem bjuggu á Bárugötunni sem fóstbræður, þó svo það hafi verið tiltölulega skýr skil á milli fjölskyldna í því rými sem þau bjuggu:

við vorum með kjallaran og þau voru með háaloftið, við vorum alveg tvær fjölskyldur og svo vorum við með sameiginlegt rými og við lékum okkur saman og það var allskonar fólk og svona og ég kommúnikeraði þú veist við hin foreldrin en það var samt ekki .. skilin milli fjölskyldanna voru mjög skýr í fýsisku rými..<sup>53</sup>

---

<sup>50</sup> ÓES3-12-Þorgerður.

<sup>51</sup> ÓES6-13-Gísli.

<sup>52</sup> ÓES6-13-Gísli.

<sup>53</sup> ÓES5-13-Kári.

Hann segist hafa haldið því lengi fram, löngu eftir að þau fluttu af Bárugötunni, að þeir væru fóstbræður og að hann hafi saknað þess að eiga nán samskipti við „fóstbræður“ sína. Ingibjörg H. deildi íbúð með Árna og Hallgerði. Hún og Árni eru systkinabörn og því blóðskyld en með sambúðinni fannst henni þau eiga saman fjögur börn og að synir þeirra væru nánast uppeldissynir hennar: „og við bjuggum þarna semsagt, í þessu sambýli þar sem við skiptum með okkur verkum og tókum að okkur börn hvers annars,“<sup>54</sup> segir Ingibjörg H. og lýsir þar nánnum samskiptum og því hreyfiafli sem átti sér stað í sambúðinni.

Samskipti einstaklinga eru uppstaða ákveðins samkomulags um reglur, venjur og nánd. Grunnur að samskiptum er oft lagður í sameiginlegri vináttu þar sem aðilar hafa oftar en ekki komið sér saman um grundvöll sem felur að einhverju leyti í sér sameiginleg lífsviðhorf, skoðanir og hugmyndafræði. Þeir einstaklingar sem eru þýði þessarar rannsóknar eiga það allir sameiginlegt að hafa svipaðan bakgrunn, menntunar- og hugmyndafræðilega séð og töldu allir að það hefði verið mikilvæg breyta í samvistum þeirra. Þegar Gylfi Páll var spurður út í hver hafi verið lykillinn að góðri sambúð þá svaraði hann að aðalatriðið væri að hitta einhvern sem maður gæti búið með á þennan hátt og sagðist ekkert svo viss um að það hafi verið margir aðrir sem hann hefði getað hugsað sér að búa með. Hann sagði þau öll hafa verið góða vini fyrir og átt góðar stundir öll þessi ár og það hafi verið grundvöllur þess að þau hafi haft jákvæða reynslu af sambúðinni. Hann sagðist ennfremur ekki minnst neins neikvæðs í sambúðinni.<sup>55</sup> Hinir viðmælendurnir tóku í sama streng og sögðu að góð vinátta og sameiginleg lífsviðhorf hefðu verið lykill að góðri sambúð og engin þeirra vildi kannast við að neikvæð atvik hafi komið upp á meðan sambúðinni stóð. Ingibjörg H sagðist ekki hafa hugsað út í það fyrr hvað „þetta var í rauninni átakalaust þetta fjölskyldudæmi“ og sagði ennfremur að það hefði auðveldað henni lífið talsvert því án þess hefði hún ekki getað tekið jafn þátt í félagsstörfum

---

<sup>54</sup> ÓES8-13-Ingibjörg H.

<sup>55</sup> ÓES4-13-Gylfi.



eins og hún gerði.<sup>56</sup> Hjörleifur og Gísli töldu báðir ástæður þess að sambúðin hefði gengið svona vel þá að sambúðaraðilarnir hafi allir verið félagslega færir. Hjörleifur sagði ennfremur að:

... þetta var bara samkomulag um að búa þarna í sameiningu og skipta með okkur verkum. Þetta var allt saman fólk sem var flínkt félagslega og já.. þannig að það var ekkert mál og í raun og veru að búa með fleira fólki var bara bónus ...<sup>57</sup>

Upplifun viðmælendanna á samvistinni var í öllum tilvikum jákvæð og í endurliti vísa þeir til hennar sem náinnar vináttu og tala jafnvel um börn hinna aðilanna sem fósturbörn og systkini barna sinna, en þau eru öll sammála um að grundvöllur þess að sambúðin hafi gengið svona vel hafi verið sameiginleg lífsviðhorf og gildi.

## Heimilisreglur

Fjölskyldurnar settu upp reglur hver fyrir sig, sem gerðu einstaklingunum kleift að vita hvers var ætlast til af þeim í sambúðinni og vafalaust hafa þessar húsreglur átt sinn þátt í hve sambúðirnar gengu snurðulaust fyrir sig. Reglurnar áttu bæði við almennan rekstur heimilanna s.s. matseld, þrif og reikninga sem og ákveðna hegðunarlykla fyrir fjölskyldulífið. Gísli minnst þess að Óðinsgötufjölskyldan hafi verið samdóma um að horfa ekki of mikið á sjónvarpið og að um það hafi verið haldin húsfundur og höft verið sett á að hann og Pálmi hlustuðu á útvarpsfréttir og horfðu á sjónvarpsfréttir á báðum stöðvunum sama kvöldið.<sup>58</sup> Ingibjörg H. minntist þess að fullorðna fólkið í Háagerðinu hafi bannað leikföng sem voru byssur og önnur stríðstæki, því þau hafi „jú verið friðarsinnar“<sup>59</sup> og Gylfi Páll lýsir hvernig fullorðna fólkið reyndi að stýra sjónvarpsneyslu krakkanna og hafa áhrif á með hvaða leikföng þeir léku

---

<sup>56</sup> ÓES8-13-Ingibjörg H.

<sup>57</sup> ÓES7-13-Hjörleifur.

<sup>58</sup> ÓES6-13-Gísli.

<sup>59</sup> ÓES8-13-Ingibjörg H.

sér með „okkur fannst þetta svona nonsense leikir þetta HeMan og svoleiðis“<sup>60</sup> segir Gylfi Páll. Þjóðfræðihópurinn sem um ræðir reyndi að stýra neyslu á menningarafurðum sem spruttu fram á sjónarsviðið á þessum tíma. Stöð 2 var að hefja útsendingar með auknu framboði á barnaefni sem og framleiðsla á nýjum leikföngum sem stóðu fyrir annars konar hugmyndafræði en fullorðnu einstaklingar hópanna samþykktu. Þess konar andspyrna gegn ráðandi menningu er ef til vill ein birtingamynd þess andófs sem hið óhefðbundna búsetuform hópanna felur í sér og rímar vel við áður nefnda kenningu de Certeau um að þeir einstaklingar sem eru meðvitaðir um stöðu sína innan samfélagsins og hlutverk neyslu innan kapitalismans geti takmarkað þátttöku sína í markaðskerfinu og sett sig í andstöðu við ríkjandi viðhorf með að stýra neyslu sinni í hversdeginum.

### **Kynjaskipting á heimilisverkum**

Hreyfiaflið í fjölskyldum með fleirum en tveimur fullorðnum getur verið ólíkt því hreyfiafli sem á sér stað í hópi sem samanstendur af tveimur fullorðnum. Í hefðbundnum fjölskyldum sem samstanda af tveimur gagnkynhneigðum einstaklingum og börnunum þeirra er sú tilhneiging til staðar að aðilar taki á sig það áskipaða kynhlutverk þess kyns sem það tilheyrir.<sup>61</sup> Allir viðmælendur rannsóknarinnar sögðu frá því að kynjaskipting á heimilisverkum í sambúðunum hafi ekki verið til staðar og að það hafi verið meðvituð athöfn að öllum heimilisverkum var skipt jafnt yfir alla. Þorgerður minnst þess að íbúar Óðinsgötunnar hafi skipt með sér verkum mjög skipulega, öll eldað sinn hvorn daginn og skipt þrifunum upp eftir vikum og að það hafi verið þeirra leið til að takast á við jafnrétti kynjanna og ein leið til að halda því í réttu fari og ennfremur var þetta leið til að losa um þá spennu sem getur verið í parasamböndum að þessu leyti.<sup>62</sup> Í tilfelli Bárugötufjölskyldunnar var það meðvituð ákvörðun Hjörleifs að haga vinnu sinni þannig að hann gæti verið meira á

---

<sup>60</sup> ÓES4-13-Gylfi.

<sup>61</sup> Kolbeinn H. Stefánsson, Kynhlutverk. Viðhorf til kynbundinnar verkskiptingar, 1.

<sup>62</sup> ÓES3-12-Þorgerður.

heimilinu, þar sem Ingibjörg S. kona hans var mjög virk í pólitísku starfi.<sup>63</sup> Kári lítur til baka með hlýju til viðveru Hjörleifs:

pabbinn í hinni fjölskyldunni, hann var svona meira inn á heimilinu, meira að elda og meira með okkur sko, þannig það var rosa sterk svona væntumþykja í þá átt og mikil hlýja þaðan, en líka bara af því að hann var til staðar, sat einn við eldhúsborðið og var að tefla og það var hægt að spjalla við hann og eitthvað svoleiðis<sup>64</sup>

Hjörleifur var þannig tiltækur og nálægur og hlutverk hans sem sá aðili á heimilinu sem húsmóðirin gegndi yfirleitt í hefðbundnari fjölskyldum gerði það að verkum að börnin á heimilinu gátu leitað til hans.

Áðurnefndur Tim Putnam heldur því fram að þar sem núorðið þyki það eðlilegt að ungt fólk flytji að heiman áður en það festir ráð sitt þá hjálpi það til við að staðfesta sjálfsmynd þess og hugmyndafræði varðandi breytilega lifnaðarhætti og það í sjálfu sér hafi haft mikil áhrif á hvernig hugmyndir um sambúðir hafa þróast.<sup>65</sup> Einfalt er að heimfæra kenningu Putnams yfir á viðmælendur rannsóknarinnar, því þeir sögðust flestir hafa annað hvort leigt með öðrum einstaklingum eða búíð í svokölluðum kömmunum áður en hin tiltekna sambúð hófst. Þeir höfðu því allir reynslu af óhefðbundnum sambúðum og höfðu þ.a.l. „æft” sig í að búa með öðrum og stundað þar þau heimilisverk sem þörf var á. Gylfi Páll bjó til dæmis í „kollegi“ í Árósum<sup>66</sup> og Gísli sagðist hafa „sloppið frá mömmu áður en ég féll í faðm Kolbrúnar“ og átti þar við að hann hafði búíð á öðrum stöðum á milli þess að hann bjó í foreldrahúsum og flutti inn með eiginkonu sinni.<sup>67</sup> Þannig hefur sú þróun orðið að einstaklingar hafa lært að aðskilja sig frá hinum hefðbundnu kynhlutverkum á heimilinu en Putnam vill enn fremur bæta við að menntun og stétt eigi einnig hlut að máli því öfugt við fyrri tíma þá leiki

---

<sup>63</sup> ÓES7-13-Hjörleifur.

<sup>64</sup> ÓES5-13-Kári.

<sup>65</sup> Putnam, “Postmodern” Home Life, 147 – 148.

<sup>66</sup> ÓES4-13-Gylfi.

<sup>67</sup> ÓES6-13-Gísli.

æðri menntun frekar en fjölskyldutengsl, stórt hlutverk í félagslegri stöðu einstaklinga.<sup>68</sup>

Samkvæmt Þorgerði þá breyttist verkaskiptingin svo aftur þegar pörin fóru að búa ein og hún sagði það hafa verið mikil viðbrigði því þá hafi „fólk farið að rúlla inná hefðbundnu brautina“ og að það hafi verið mjög erfitt að halda skemabundnum verkaskiptingum til streitu þegar pör búa ein saman, því þá fara tilfinningar að þvælast fyrir. Hún sagði enn fremur að:

það er mjög sjálfsagt og eðlilegt þegar þú býrð með fleirum og þá er maður einstaklingur í stærri heild og fókusinn er jafnmikið á heildina og einstaklinginn, þú getur sagt að maður sé fjórir einstaklingar á jafnréttisgrundvelli meira en maður verður í parasambandi, í parasambandi er svo í mænunni á okkur, það situr svo í veggjunum allar þessar hugmyndir um parasambönd, þannig að það er svo erfitt að byrja þar á núlli að setja reglur um hver á að þrifa hvenær og hver á að hugsa um barnið og hver á að leggja hvað á mörkum fjárhagslega, þannig að það er eiginlega miklu stærra verk<sup>69</sup>

Viðmælendurnir voru flestir sammála um þátt sambúðarinnar í átt að jafnari verkaskiptingu milli kynjanna og hugsanlega hefur bakgrunnur þeirra haft einhver áhrif þar á, þar sem konur í öllum fjölskyldunum voru og eru virkar í jafnréttisbaráttunni og karlarnir allir meðvitaðir um hana. Gísli og Kolbrún voru sammála Þorgerði um að verkaskiptingin á heimilinu hefði skekkst í aðra áttina eftir að þau fluttu út af Óðinsgötunni og sagðist Kolbrún líklega vinna 70% af heimilisverkunum á móti 30% sem Gísli vinnur, og Gísli var því sammála.<sup>70</sup> Þetta sýnir hve hefðin er mikill áhrifavaldur í hversdeginum og líka þá róttæku breytingu sem verður á lífi fólks þegar það iðkar hversdagslega hluti öðruvísi en hefðbundið er. Hægt er að leiða að því líkum að vald þjóðfræðihópsins hafi verið þá lund að skilyrða hegðun einstaklinga að jafnari

---

<sup>68</sup> Putnam, “Postmodern” Home Life, 148.

<sup>69</sup> ÓES3-12-Þorgerður.

<sup>70</sup> ÓES6-13-Gísli.

verkaskiptingu. Svo þegar sú skilyrðing er ekki lengur fyrir hendi og utanaðkomandi þrýstingur horfinn þá rennur verkaskiptingin aftur inná hefðbundnu brautina.

Hvaða hreyfiöfl eru þar í gangi? Í öðru bindi bókarinnar *The Practice of Everyday life*, kemur Pierre Mayol fram með hugmyndina um velsæmi (e. propriety) þegar hann fjallar um menningarlega hegðun fólks í eigin hverfum. Hann segir að íbúar hverfisins sýni af sér ákveðna samþykktu hegðun í rýminu til að öðlast sjálfsmynd og til að öðrum geðjist að þeim.<sup>71</sup> Þannig er hægt að álykta að einstaklingar innan þjóðfræðihópsins hafi sýnt af sér ákveðna hegðun gagnvart þeim aðilum sem þeir voru ekki í parasambandi með og að þeim hafi enn fremur ekki þótt nauðsynlegt að sýna þá hegðun gagnvart þeim sem þeir voru í nánu tilfinningasambandi við.

Hefðbundin kynjaskipting á heimilisverkum er afrakstur aldagamalla viðhorfa um „náttúrulega“ eiginleika kvenna og karla til heimilisstarfa og umönnunar barna. Félagsfræðingurinn Sylvia Walby kom fram með kenninguna um kynjakerfi (e. patriarchy) og skilgreindi það sem „félagslegt yfirráðakerfi þar sem karlmenn njóta góðs af undirskipun kvenna.“<sup>72</sup> Fjölskyldu og heimilissviðið er samkvæmt Walby það svið þar sem störf kvenna eru tekin eignarnámi af eiginmönnum og sambylingum, sérstaklega þegar konan tekur ekki þátt í launuðum störfum utan heimilis.<sup>73</sup> Kynjakerfið er dæmi um kerfislæga afbökun í skilningi Barthes, þar sem venjur sem ráðandi öfl hafa túlkað sem algildar, hafa orðið að „almennri skynsemi“ og menningarlegt forræði þess birtist í krafti þögullar félagsmótunar. Fjölskyldurnar settu sig allar á upp á móti ríkjandi kynjakerfi og unnu markvisst að því að rífa það niður inná heimilinu. Heimilið og hversdagurinn voru undirstaða andófsins, en þegar það átti ekki lengur við og heimilið varð að hefðbundnu heimili þá hvarf andófið. Nærtækt er í þessu tilliti að líta svo á að fjölskyldumeðlimirnir hafi þurft á stuðningi hvors annars til að halda

---

<sup>71</sup> de Certeau, Luce Giard og Pierre Mayol, *The Practice of Everyday Life*, 8.

<sup>72</sup> Walby, *Theorizing Patriarchy*, 20. Ensk útgáfa: „a system of social structures and practices in which men dominate, oppress and exploit women.“

<sup>73</sup> Walby, *Theorizing Patriarchy*, 21.

gagnmenningunni við og þegar hans naut ekki þá urðu þau sjálf hluti af hinni „almennu skynsemi.“

### Lokaorð

„Venjulegt fjölskyldulíf“ er gildishlaðið hugtak og þegar það kemur upp þá kemur oft ákveðin mynd upp í hugann. Hugsanlega mynd af gagnkynhneigðu pari á fertugsaldri með eitt til þrjú börn, að vaska upp eða horfa á sjónvarpið saman. Samband hugtaksins og myndarinnar sem kemur upp í hugann er hvorki „náttúrulegt“ og óbreytanlegt né algerlega handahófskennt. Það er afrakstur ákveðins hugmyndakerfis sem gegnsýrir hugmyndir og hugsanir okkar í formi hversdagsorðræðu um hina almennu skynsemi með aðstoð menningarlegs forræðis. Hið menningarlega forræði þjónar ríkjandi öflum og telur borgurunum trú um að þeir hagnist á því og þannig er því haldið við. Hversdagurinn er orrustuvöllur þar sem hin „almenna skynsemi“ tekst á við gagnmenninguna sem beitir táknum, rými, lífstíl og fjármagni í andófi gegn henni. Samband táknsins og táknumyndarinnar er sterkt og stutt er við sambandið frá mörgum hliðum. Í sumum tilfellum þarf ekki mikið til að riðla því sambandi og mynda andóf gegn því. Jafnvel eitthvað jafn lítilfjörlegt og þegar tvær kjarna-fjölskyldur eða fleiri taki upp á því að sameina heimilishald er nóg til að ögra því.

Einstaklingarnir sem rætt var við voru ekki allir sammála um að þeir hafi verið að sýna meðvitað andóf gegn menningarlegu forræði samfélagsins með lifnaðarháttum sínum. Þeir tóku samt sem áður ákvarðanir um að stunda neyslu og búsetuhætti sem voru í andstöðu við ríkjandi fyrirkomulag. Þeir tóku undir sig rými sem hannað var fyrir annars konar þarfir en þeirra og beittu brögðum til að laga það að sér og sínum þörfum. Inn í eldhúsinu fara fram þýðingarmikil samskipti þegar kemur að matseld og þrifum og bjuggu fjölskyldurnar sér til reglur um eldhússtörfin til að gæta jafnræðis í verkþátttöku meðlimanna. Eldhúsið var það rými þar sem mestu og eftirminnilegustu samskiptin áttu sér stað að mati þeirra. Hversdagslífið var að mati viðmælendanna „venjulegt“ þrátt fyrir óhefðbundið heimilislíf. Þau upplifðu sig ekki í mótstöðu við ríkjandi

hugmyndakerfi en notuðu samt sem áður mörg hver frítíma sinn til að berjast gegn því. Tilfinningar þeirra gagnvart hlutum og eigum var afslappað og ekki var lögð mikil áhersla á eignaréttinn innan heimilanna. Tengsl fjölskyldumeðlimanna voru þétt og litu þau mörg hver hvort á annað sem nána fjölskyldumeðlimi og enn þann daginn í dag haldast þessi bönd. Heimilisreglur voru teknar upp víðast hvar til að halda samskiptum innan fjölskyldunnar í góðum farvegi og einnig var ákveðin neyslustýring á menningarafurðum sett fram þar sem ákveðnir hlutir voru ekki í boði fyrir börnin. Hefðbundinni kynjaskiptingu á heimilisverkum var haldið niðri með skemabundinni verkefnaskiptingu og var það að sögn viðmælendanna gert meðvitað og gekk vel yfirleitt þangað til fjölskyldurnar brotnuðu upp og pörin fóru að búa hver fyrir sig.

Hvort sem sú ákvörðun viðmælenda minna um að sameina heimilishald sitt hafi verið af hugmyndafræðilegum eða hagsmunalegum toga þá hreyfðu þau við hinum hefðbundnu hugmyndum um fjölskylduna, rýmið og eignaréttinn í ákveðinn tíma, eða alveg þangað til hinu menningarlega forræði tókst að brjóta það á bak aftur. Það sýnir fram á hversu erfitt er í raun að eiga við þrautseigt hugmyndakerfi samfélagsins og hversu mikinn dug þarf til þegar það tekst loksins.

## Heimildaskrá

### Prentaðar heimildir

de Certeau, Michel. *The Practice of Everyday Life*. Þýðandi Steven Rendall. Berkeley: University of California Press, 1988-1998.

de Certeau, Michel, Luce Giard og Pierre Mayol. *The Practice of Everyday Life: Volume 2: Living & Cooking*. Þýðandi Timothy J. Tomasik. Minneapolis og London: University of Minnesota Press, 1998.

Dundes, Alan. What is Folklore? Í *The Study of Folklore*. Ritstj. Alan Dundes. Englewoods Cliffs, N.J.: Prentice-Hall, 1965. 1-3.

Geertz, Clifford. *The Interpretation of Cultures*. New York: Basic Books, Inc., Publishers, 1973.

Gramsci, Antonio. Menntamenn. *Ritið*, 2-3, 2009, 141-153. Þýðandi: Steinar Örn Atlason.

Hebdige, Dick. *Subculture, The Meaning of Style*. London and New York: Methuan, 1979.

Lefèbvre, Henri. *Critique of Everyday Life*. Þýðendur John Moore og Gregory Elliot. London: Verso, 2008.

Marcoux, Jean Sebastien. The refurbishment of memory. Í *Home possessions: Material culture behind closed doors*. Ritstj. D. Miller. Oxford: Berg. 2001. 69-86.



Putnam, Tim. "Postmodern" Home Life. Í *At Home, An Anthropology of Domestic Space*. Ritstj. Irene Cieraad. Syracuse University Press: New York, 1999. 144-152.

Sims, Martha C. og Martine Stephens. *Living Folklore: An Introduction to the Study of People and Their Traditions*. Logan Utah: Utah State University Press. 2005.

Toelken Barre. *The Dynamics of Folklore*. Logan Utah: Utah State University Press, 1996.

Tuan, Yi-Fu. *Space and Place: The Perspective of Experience*. (6. útgáfa). Minneapolis og London: University of Minnesota Press, 2008. (Upphaflega gefið út 1977).

Walby, Sylvia. *Theorizing Patriarchy*. Oxford: Blackwell, 1990.

Yow, Valerie Raleigh. *Recording Oral History: A Guide for the Humanities and Social Sciences*. (2. útgáfa) Walnut Creek, CA: AltaMira Press, 2005. (Upphaflega gefið út 1994).

### **Munnlegar heimildir**

ÓES3-12-Þorgerður. Viðtal Ólafíu Erlu Svansdóttur við Þorgerði Einarsdóttur 20. september 2012. Viðtalið er í vörslu höfundar.

ÓES4-13-Gylfi. Viðtal Ólafíu Erlu Svansdóttur við Gylfa Pál Hersi 18. janúar 2013. Viðtalið er í vörslu höfundar.

ÓES5-13-Kári. Viðtal Ólafíu Erlu Svansdóttur við Kára Gylfason 28. janúar 2013. Viðtalið er í vörslu höfundar.

ÓES6-13-Gísli. Viðtal Ólafíu Erlu Svansdóttur við Gísla Þór Sigþórsson 14. febrúar 2013.

Viðtalið er í vörslu höfundar.

ÓES7-13-Hjörleifur. Viðtal Ólafíu Erlu Svansdóttur við Hjörleif Sveinbjörnsson 19. febrúar 2013. Viðtalið er í vörslu höfundar.

ÓES8-13-Ingibjörg. Viðtal Ólafíu Erlu Svansdóttur við Ingibjörgu Hafstað 21 júlí 2013. Viðtalið er í vörslu höfundar.

### **Heimildir af veraldarvefnum**

Kolbeinn H. Stefánsson, Kynhlutverk. Viðhorf til kynbundinnar verkskiptingar. Rannsóknarritgerðir / Working papers; 2. Rannsóknarstöð þjóðmála Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2008. Sótt 30. apríl 2014 á: <http://hdl.handle.net/10802/491>